

Miðvikudaginn 28. júlí 1971.

Nr. 94/1971. Valdstjórnin
gegn
Birni Hallgrími Gíslasyni.

Dómendur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Gizur Bergsteinsson og Magnús P. Torfason og prófessor
Ármann Svevarr.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. júlí 1971, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Greinargerðir hafa ekki borizt af hálfu varnaraðilja né saksóknara ríkisins.

Sakarefni eru slík, að ástæða er til rannsóknar á geðheilsu varnaraðilja, sbr. 2. tl., d lið, 75. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt þessu ber með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar að staðtesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. júlí 1971.

Ár 1971, sunnudaginn 11. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í ágúst og september í fyrra bárust lög-reglunni nokkrar kærur á hendur Birni Hallgrími Gíslasyni fyrir ýmis hegningar- og umferðarlagabrot. Eru það aðallega kærur fyrir réttindaleysi við akstur, akstur undir áhrifum lyfja, skjalfals og bíljófnad. Þessum málum hefur ekki verið lokið sökum fjarvistar kærða úr höfuðborginni, en hann hefur til skamms tíma róið á báti, sem gerður var út frá Súgandafirði.

Eftir að Björn kom suður, sem mun hafa verið í maímánuði

s.l., hefur hann lagzt í óreglu, og leikur grunur á, að hann hafi verið í akstri bifreiðar, enda keypti hann sér bifreið, er hann kom suður.

Dómaranum er kunnugt um, að samkvæmt spjaldskrá lögreglunnar hefur hann a. m. k. einu sinni í maí verið kærður fyrir réttindaleyzi við akstur, en ekki hefur sú skýrsla enn borizt dóm-inum, svo vitað sé.

Föstudaginn 9. júlí s.l. kom faðir Björns, Gísli Björnsson, til rannsóknarlögreglunnar og kærði yfir framferði Björns, sem hann kvað vera stórhættulegan umhverfi sínu.

Eins og fram kemur í skýrslu Gísla Björnssonar, hefur Björn hótað foreldrum sínum líkamsmeiðingum.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 6. t.l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 þykir nauðsyn til bera að úrskurða kærða Björn Hallgrím Gíslason í gæzluvarðhald, enda eru skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Rétt þykir að ákveða með vísan til 2. t.l., d liðar, 75. gr. laga nr. 82/1961, að Björn Hallgrímur gangist undir rannsókn á andlegri heilbrigði sinni, á meðan hann sætir gæzluvarðhaldi.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björn Hallgrímur Gíslason, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum og gangist undir rannsókn á andlegri heilbrigði sinni á gæzluvarðhaldstímanum.

Mánudaginn 9. ágúst 1971.

Nr. 101/1971. Valdstjórnin
 gegn
Herði Ólafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfisvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. júlí 1971, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga